
FORNLEIFASKRÁNING Á HAUGANESI Í DALVÍKURBYGGÐ



ELÍN ÓSK HREIDARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1059-25321



Á forsíðumynd er horft yfir suðaustur enda mógrafa EY-064:021, yfir Sandvík og Fjöruböðin til SSA.

Myndina tók Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Verkefnanúmer MÍ: 3485.

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 15 ha deiliskipulagsreits í landi Selár, við Hauganes í Dalvíkurbyggð. Innan svæðis er fyrirhuguð uppbygging á baðlónum; Fjöruböðunum og í tengslum við þau er ráðgerð bygging fjörtíu herbergja hótels og 30 smáhýsa. Skráningin var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Dalvíkurbyggð og var þá ein fornleif skráð innan svæðis, staðsetning býlisins Ytri-Áss. Við skráninguna 2025 bættust við mógrafir og handgrafinn skurður í jaðri þeirra. Skammt utan við mörk skipulags stóð áður elsta húsið á Hauganesi og var staðsetning þess einnig skráð þótt það hafi verið um eða yfir 15 frá mörkum skipulagssvæðis. Minjarnar innan svæðis metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, Fjöruböðin, Hauganes, Dalvíkurbyggð.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey conducted within a 15-hectare development area that previously was a part of the farm Selá. It is located on the edge of the village Hauganes in the municipality of Dalvíkurbyggð. The planned development includes geothermal baths, the *Fjöruböð*, together with a hotel and 30 small cottages. The survey was carried out by The Institute of Archaeology in Iceland on behalf of the landowners. The Institute had previously conducted a general archaeological survey in Dalvíkurbyggð, during which a single site was recorded within the area: the farmstead of Ytri-Áss. During the 2025 survey, peat cutting area and a hand-dug drainage ditch were also surveyed. These remains were assessed to be at high risk due to the proposed development but the location of the eldest house in Hauganes (long demolished) was also recorded outside the limit of the planning area and was therefore considered at a minor risk.

Keywords: Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), Hauganes, Dalvíkurbyggð

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	9
4. Fornleifaskrá	13
5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti	19
6. Niðurstöður og umræða	23
6.1 Viðvarandi hættumat	23
6.2 Tímabundið hættumat og áhrif framkvæmda á fornleifar.....	23
7. Heimildir	25
Viðauki 1 : Minjakort	26
Viðauki 2 : Mannvist sem ekki telst til fornleifa.....	1

1. Inngangur

Í byrjun September 2025 var unnin fornleifaskráning innan 15 ha deiliskipulagsreits við Hauganes. Reiturinn er á landi sem upphaflega tilheyrði lögbýlinu Selá. Skráningin var gerð fyrir hönd landeigenda vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar baðlóns (Fjörubaðanna) við sjó norðaustarlega á reitnum og byggingu fjórtíu herbergja hótels og 30 smáhýsa á suðvestanverðu svæðinu. Skráningin var gerð af Fornleifastofnun Íslands fyrir hönd landeigenda. Fornleifastofnun hafði áður unnið almenna skráningu (aðalskráningu) fornleifa í Dalvíkurbyggð og var þá ein fornleif skráð innan svæðis, staðsetning býlisins Ytri-Áss (EY-064:016) sem byggt var 1910 en féll í eyði 1935.¹ Hákon Jensson hafði svo deiliskráð norðaustasta hluta svæðisins árið 2022 án þess að finna þar neinar fornleifar aðrar en þær sem skráðar voru í aðalskráningu.² Við skráninguna 2025 voru, auk endurskráningar á býlinu Ytra-Áss, skráðar mógrafir og handgrafinn skurður á svæðinu norðaustanverðu eða samtals þrjár fornleifar innan marka reitsins. Að auki var staðsetning fyrsta timburhússins á Hauganesi (b. 1882) gróflega áætluð en það stóð skammt utan marka reitsins.


Skráningarsvæðið er um 200 m norðan gamla bæjarins á Selá. Góð lending var í landi Selár skammt frá úttekarsvæði og er hennar m.a. getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Síðla á 19. öld hófst svolítil þéttbýlismyndun á þessum slóðum sem síðar varð að þorpinu Hauganesi sem er í jaðri skipulagssvæðis.

Skráningin var unnin af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur fornleifafræðingi og var úrvinnsla og skýrslugerð einnig í hennar höndum. Drónamyndir og aðrar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Farið var á vettvang í septemberbyrjun 2025 og svæðið þaulgengið í leit að minjum. Á stórum hluta úttekarsvæðisins eru tún sem ekki eru lengur hirt og var mikill sinuvöxtur á svæðinu sem torvelaði nokkuð yfirsýn.

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004.

² Hákon Jensson. 2022.



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á innfellaða kortinu með rauðum punkti. Á stærra kortinu eru mörk reitsins sýnd sem rauð lína. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta kafla er að finna samantekt um sögu og landshætti og í síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar og hættumat. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með minjakorti auk þess sem þar er birt kort um mannaverk á svæðinu sem ekki voru talin til fornleifa, til upplýsingar.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, EY o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk


Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fersla í heimildaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 2: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: EY-064:017). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingunúmer aftan við (dæmi: EY-064:017_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem

skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á bæði langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í og tímabundna hættu. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Algengar langvarandi hættuorsakir eru t.d. ábúð í nágrenni minja, túnræktun eða uppblástur. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi og er hættumatíð þannig

notað til að vekja athygli á minjastöðum innan skipulags. Á síðari stigum er þá gjarnan tekið tillit til minja við útfærslu framkvæmda, eða ef það er ekki unnt, beðið um álit Minjastofnunar Íslands á því hvort og þá með hvaða skilyrðum slíkir minjastaðir mega víkja. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

EY-064 Selá

1394 er Selár getið í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskupsdæmi. Þar kemur fram að Árskógskirkja á "Alla reka að helmingi vídur Selá og fluttningar og aull önnur fjörugögn að helminge. og iij. fedmingsskurd j saumu jord arliga. og naustzgiord æfinliga á Hauganesi ef vill með fiskveri." DI III, 515

1403 kemur fram í sálugjarfarbréfi Halldórs prests Loptssonar að hann gefur Vallakirkju í Svarfaðardal jörðina Selá "ok sua mikin bordvid ok langbaund og spærrur sæm nægir fyrir nordan framm a midkirkiuna." DI III, 685

1429 er Selá talin upp með eignum Vallakirkju. DI IV, 372

1461 er með eignum Árskógskirkju enn talinn upp sami reki og hlunnindi í Selárlandi. DI, V, 262

1487 Bænhús er niðri. DI V 356.

1525 er Selá talin upp með eignum Hólakirkju. DI IX, 334

1569 kemur fram í reikningi um presttekjur á Völlum að Vallakirkja á Selá. DI, XV, 345.

Róið var frá Selá en síðan 1882 hefur myndast lítið þorp í landareigninni (Hauganes) og hefur hreppurinn keypt landræmu meðfram sjónum undir það. Á Haugsnesi búa nú um 100 manns. Býlin Syðri og Ytri-Ás byggðust úr Selárlandi í upphafi 20. aldar og fór ytri bærinn í eyði eftir Dalvíkurskjálftana en ennþá er búið á þeim syðri en enginn búskapur er þar lengur.

1712: 10 hdr. skv. JÁM X, 109-110.

1917: 4.8 ha. 9/10 slétt. Garðar 720 m². Túnakort frá 1917.

1990: "Túnið liggur að mestu á ásnum utan við Selárgilið og ögn út og upp fyrir mýrarnar." BE 1990, 300.

„Lítið timburhús, reist af norskum manni 1882 mun vera fyrsti mannabústaður á Hauganesi. Húsið stóð rétt utan við Sandvíkurklappirnar, líklega aðeins sunnar en húsið Sandvík stendur nú ... „landneminn“ hét Hans Nielsen Housken og átti hann þar heima um tveggja ára skeið,“ segir í kverinu Örnefni í Eyjafjarðarsýslu. Íbúðarhúsið Sandvík, sem byggt var 1926 stendur enn. Eldra hús, timburhúsið sem horfið var um 1900, var rétt sunnan við það en þar sjást engin ummerki. Ekki er vitað hvort eldra hús var að hluta undir núverandi hússtæði eða ekki en talið er að það hafi (a.m.k. að hluta) verið sunnan þess þar sem nú er grasi gróinn bakgarður. Nálægt suðurenda lóðarinnar er svolítill hryggur (austur-vestur) en líklega tengist hann fremur yngri húsum sem voru við bryggjuna þar sunnan við neðan við en eldra húsi. Svæðið er um 30 m sunnan við Sandvík og fjöru/bryggju. Húsið hefur verið utan marka deiliskipulags en nærri þeim og hugsanlega innan en 15 m frá mörkum þess og er því haft með í skýrslu þessari. Sökum þess var hnit tekið á þeim slóðum sem það stóð þótt nákvæm staðsetning sé ekki þekkt. Ólíklegt virðist að framkvæmdir muni hafa nokkur áhrif á minjastaðinn.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Ey I.1, 84

Syðri- og Ytri-Ás voru nýbýli, byggð úr landi Selár um 1910. Ytri-Ás var um 50 m beint norðan við núverandi íbúðarhús á Ási (en á þeim slóðum stóð syðri bærinn áður). Ytri-Ás var byggður hjónunum Önnu Jónsdóttur og Trausta Jóhannessyni Reykjalín. Þegar Fasteignamat var gert fyrir eignina 1916 var húsakosti lýst á eftirfarandi hátt: „Íbúðarhús úr torfi og timbri 14 x 6 ál. Fjárhús yfir 16 kindur. Lóð fylgir 0,32 ha. girt og sumt af henni ræktað.“ Samkvæmt Hafsteini Reykjalín heimildamanni var bærinn aðeins ein burst með timburstafni til austurs og torfbyggingum að baki. Hann taldi að timbrið í húsunum hefði verið rekaviður. Samkvæmt honum voru fjárhúsin fast við bæjarhúsin, þó líklegast ekki sambyggð. Þau hjónin voru með svolíttinn búskap og stundaði Trausti samhliða því



Mynd 3-4: Á mynd til vinstri er horft að bænum Ási en Ytri-Ás var skammt norðan við húsið (til hægri á mynd), horft til VSV. Á mynd til vinstri má sjá hvernig gróðurfar í túninu er frábrugðið á umhverfinu á bæjarstæðinu. Á myndinni er horft til NNA.

sjóinn. Þau voru fyrstu og einu ábúendurnir á Ytra-Ási. Húsin fóru illa í Dalvíkurskjálftanum 1934 og hefur það líklega spilað inn í þá ákvörðun að ári seinna fluttu hjónin niður í þorpið á Hauganesi sem þá var í talsverðum vexti. Líklegast hefur viðurinn úr húsunum verið nýttur niður í þorpinu og því aðeins skildar eftir rústir einar. Af loftmynd af svæðinu frá 1964 má sjá að enn eru þá greinileg ummerki eftir bæinn. Þegar staðurinn er fyrst skráður rétt eftir 2000 voru hins vegar öll ummerki um



Mynd 5: Uppmæling sem sýnir annars vegar áætlað umfang rústa, af loftmynd frá 1964 og hins vegar breytingar á gróðurfari sem greina má á svæðinu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

hann horfinn. Bærinn stóð á hæð eða ás í túninu og einu ummerkin eftir hann eru nú þau að gróðurfar á þeim slóðum sem hann stóð er frábrugðið umhverfinu þar sem sina vex metershá sina. Á gömlu loftmyndinni að dæma má hins vegar að ætla að rústirnar sem þá sáust hafi verið um 28 x 23 m að stærð og snúið NNV-SSA. Þær gróðurbreytingar sem

greina má á svæðinu virðast um miðbik þess svæðis sem rústirnar voru á og ná yfir svæði sem er um 11 x 9 m stórt og gengur þvert á áætlað rústasvæði. Þar vex lægra og grænna gras en umhverfis. Umrætt svæði er eins konar hæðarbrún ofarlega í túni og frá honum er fallegt útsýni.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimild: Fasteignamat 1916-18, Loftmynd 8.9.1964

EY-064:021 gryfja mógrafir

531647 603027

Greinilegar mógrafirnar eru um 50 m vestan við þéttbýlið í Hauganesi og ná langleiðina suður að sjó. Grafirnar voru notaðar snemma á 20. öld og voru í notkun um eða fram yfir 1950 og teljast því líklega til fornleifa (100 ára og eldri). Hafsteinn Reykjalín (f. 1940) heimildamaður man eftir að hafa tekið þátt mógrefti á þessum slóðum sem barn, en mór var ekki stunginn á þessum stað í minni Elvars bróður hans (f. 1954). Mógrafirnar voru djúpar og Hafsteinn mundi eftir því að stutt hafi verið niður á vatnsæðar og stundum hafi verið komið niður á þær við stunguna og þá hafi fólk átt fótum sínum fjör að launa



Mynd 6-7: Á mynd til vinstri er horft yfir mógrafirnar og til SSA. Á mynd til hægri er staðið á brún grafanna og horft til SSA.

við að komast upp úr gröfunum þar sem vatnið fossaði inn í þær mjög hratt. Af loftmynd frá 1964 að dæma voru grafirnar þá svipaðar og þær eru nú eða 60 x 65 m að stærð. Síðan þá hafa þær gróið upp að mestu og bakkar að hluta fallið saman. Þær eru þó fremur

greinilegar og er vesturbrún þeirra sérstaklega áberandi. Grafirnar eru algrónar en bleyta er í þeim á köflum og í þeim má sjá kanta hér og þar eftir gróin skurðarsár. Grafirnar eru djúpar, um 1,8 m á dýpt þar sem mest er. Í þeim vex sefgresi, gras og á kafla hvönn en mikil sina og grasvöxtur eru í hliðum og börmum. Bakkar mógrafanna eru víða á kafi í sinu og samfallnir og því á köflum erfitt að greina mörk, sérstaklega til austurs. Vestan við grafirnar vegslóði og tjaldstæði sem er einnig norðan við grafirnar en íbúðarbyggð er



Mynd 8: Uppmæling á mógröfum EY-064:021 og skurði EY-064:022. Loftmynd: Loftmyndir ehf

skammt norðaustan þeirra. Lítil skúr, reykkofi, var í suðurjaðri þeirra 1964 þegar loftmynd af svæðinu var tekin.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimild: Loftmynd 8.9.1964

EY-064:022 renna skurður

531690 603118

Skurður sem að líkindum er handgraffinn gengur eftir úttektarsvæðinu austanverðu norður-suður. Hann er frá fyrri hluta 20. aldar og er líklega á mörkum þess að teljast til fornleifa en fær hér að njóta vafans. Nyrst er hann beinn á um 100 m kafla. Þar er hann



Mynd 9: Skurðurinn, horft til ANA.

1,3-1,5 m á breidd á milli skurðabarma en 0,5-0,7 m breiður neðst. Á þessum kafla liggur skurðurinn í gegnum svæði sem er á kafi í gróðri og er því ógreinilegur. Sunnar liggur hann svo í sveig til vesturs og svo suðvesturs að mógröfum 021, og er um 80 m langur á þessum kafla. Þar er hann breiðari eða tæpir 2 m á breidd efst og dýpri, ríflega 2 m á dýpt og á þessum kafla er enn vatn í honum.

Langvarandi hættumat: hætta, vegna ábúðar

Tímabundið hættumat: mikil hætta, vegna framkvæmda

Heimild: Loftmynd 8.9.1964

5. Samantekt um sögu svæðis og landshætti

Deiliskipulagsreiturinn við Hauganes er á því svæði sem áður taldist til úthaga lögbýlisins Selár. Ekki er vitað með vissu hvenær jörðin byggist fyrst en líklega var það snemma. Þá tilgátu styrkir m.a. sú staðreynd að bænhús var á jörðinni en talið er líklegt að þær jarðir þar sem bænhús voru hafi verið komnar í byggð kristnitöku.

Fjallað var um líklega byggðapróun á þessum slóðum í skýrslu um aðalskráningu og vísast til hennar hér.³ Þar er rökstutt að Selá/Selárbakki hafi byggst tiltölulega snemma, úr landi einhvers af landnámsbæjunum í kring, líklegast Birnuness. Jörðin var sæmileg bújörð en einn helsti kostur hennar allt frá upphafi var að líkindum höfnin við Hauganes, sem var ein besta lending svæðisins. Heiti jarðarinnar gæti bent til að þar hafi upphaflega verið selstaða, en ekki er síður líklegt að nafnið vísi til sela í sjónum við lækinn.

Jarðarinnar Selár er fyrst getið í heimildum síðla á 14. öld, þegar fram kemur í máldaga kirkjunnar í Árskógi árið 1394 að hún eigi helming í öllum reka og fjörugögnum á Selá.⁴ Snemma á 15. öld er jörðin komin í eigu Vallarkirkju sem fékk hana gefins með sálugjafarbréfi, ásamt miklum borðviði, langböndum og sperrum svo að nægði „fyrir norðan fram að miðkirkjuna“.⁵ Árið 1525 er jörðin talin upp á meðal eigna Hólastóls⁶ en síðar á 16. öldinni fellur hún á ný undir Vallarkirkju og er enn í hennar eigu í upphafi 18. aldar.⁷

Gera má ráð fyrir því að Selá hafi lengst af verið meðaljörð af lakari gæðum. Heimildir benda ekki til annars en hún hafi verið metin á 10 hdr. Á fyrri öldum, sem telst nokkuð undir meðaltali jarða á svæðinu. Í Jarðabókinni frá 1712 kemur fram að torfrista og stunga sé þar léleg og að mósukurður, sem nýttur hafi verið frá fornu fari, brúkist ei.

³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004, 6-16.

⁴ DI III, 515.

⁵ DI III, 685

⁶ DI IX, 334

⁷ DI, XV, 345 og JÁM X, 111

Engið spillist af vatni og vatnsból bregðist stundum á vetrum. Kostir jarðarinnar voru þó nokkrir, silungaveiði í sjónum í betra lagi, lending góð með skipsuppsátri og gengur eitt skip ábúanda þar í upphafi 18. aldar, auk þess sem einhver rekavon var á jörðinni.⁸

Ekki er annað vitað en að búskapur hafi verið með fremur hefðbundnum hætti á Selá fram á síðustu aldir þótt nokkur áhersla hafi líklega ætíð verið á sjósókn. Aukin sjósókn og hákarlaveiði átti hins vegar eftir að breyta forsendum nokkuð. Árið 1882 byggir norskur maður, Hans Nielsen Housken, sér timburhús rétt utan við Sandvíkurklappirnar og er það fyrsti vísirinn að þorpinu í Hauganesi. Um 1900 voru tómthúsbylin á svæðinu orðin þrjú, annars vegar Katrínarbær og Stefánsbær sem hvort tveggja byggist um 1885 og Hóll (eða Gamli-Hóll) sem byggður var 1887 (Ö-Ey I.1, 84-85). Þrátt fyrir umræddan vísir að byggðakjarna var það ekki fyrr en um 1930 að húsum á svæðinu fór að fjölga. Um miðbik 20. aldar var þar gerð bryggja og KEA reisti verslunarhús á Hauganesi 1955 og síðar einnig frystigeymslu. Verslun var rekin þar á þeirra vegum til 1990.⁹

Auk vísis að þéttbýli á Hauganesi byggðist býlið Selárgil (1882-1905) sunnan við bæinn síðla á 18. öld og litlu síðar, eða í kringum 1910 bæirnir Syðri- og Ytri-Ás. Sá síðarnefndi er sá eini af ofantalinni byggð sem er innan deiliskipulagsmarka en frumbýlið á Hauganesi er sem fyrr segir rétt utan marka þess. Þrátt fyrir að sum elstu húsanna á Hauganesi hafi síðar verið rifin er þar enn þéttbýli og búa þar um 100 manns. Þar er rekin smábátaútgerð og þaðan er farið hvalaskoðunarferðir. Á svæðinu er nokkur ferðapjónusta; tjaldstæði, veitingahús og Fjöruböðin. Nafnið á þéttbýlinu, Hauganes, vísar í hauga en ekki er ljóst hvort svæðið dregur nafn sitt af náttúrulegum haugum eða hólnum í landinu eða hvort mögulegt er að þar hafi einhvern tíma verið manngerðir haugar, en hafi sú verið raunin er vitneskja um það löngu glötuð.

Pegar horft er til landshátta innan deiliskipulagsreits má sjá að mörk þess eru um 200 m norðan við gamla bæinn á Selárjörðinni og er úttektarsvæðið er því að fullu utan

⁸ JÁM X,109-110.

⁹ BE I. 1973, 209 og BE I 1990, 320.

heimatúns sem gerir það að verkum að færri minja er að vænta þar en annars hefði verið. Ætla má að svæðið hafi í gegnum tíðina aðallega nýst fyrir útbeit og mögulega svarðargróft auk þess sem mörk deiliskipulagsins eru við aðallendingu jarðarinnar (þar sem seinna byggist upp þéttbýli í tengslum við útræði og veiðar). Eins og áður var getið var nýbýlið Ytri-Ás (byggt 1919 - EY-064:016) innan marka skipulagsins en það féll í Dalvíkurskjálftunum 1934 og byggð þar var því skammvin.

Allur vesturhluti deiliskipulagsreitsins er í aflíðandi halla að sjó (til austurs). Þar var áður deiglent en voru síðar framræst tún sem nú eru í órækt. Neðar (austar) tekur við aflíðandi svæði og er hluti túnanna þar sleginn og nýttur sem tjaldsvæði. Sandvík er norðaustast við sjó, þar sem Fjöruböðin eru, en á svæðinu eru nú nokkrir heitir pottar og hús tengd starfseminni. Á svæðinu eru nokkrir göngu- og akstursslóðar í tengslum við tjaldsvæði og böðin. Innan svæðis er steinsteypt og aflögð bryggja sem fyrst var byggð sem timburbryggja rétt fyrir miðja 20. öld en var síðar steyp. Fast austan marka skipulags tekur við íbúðabyggðin í Hauganesi.



Mynd 10-11: Tvær yfirlitsmyndir sem sýna staðhætti og gróðurfar innan skipulagsreits.

Austarlega á deiliskipulagsreitnum voru greinilegar mógrafir (EY-064:021) og handgrafinn skurður (EY-064:022). Þar eru líka fleiri mannvirki sem eru of ung til að teljast til fornleifa, svo sem hleðslur um kálgarða, t.d. greinileg hleðsla um rababarabeð nærri móttökuhúsi Fjörubaðanna sem líklega var gerð um eða upp úr miðri 20. öld (sjá nánar viðauka 2).

6. Niðurstöður og umræða

Alls voru skráðar þrjár fornleifar innan marka deiliskipulags og einn staður skammt utan þeirra. Minjarnar eru allar fremur ungar og vitna um landnýtingu og upphaf þéttbýlis á á þessum slóðum frá lokum 19. aldar og upphafi þeirrar 20. Engin yfirborðsummerki sjást um híbýlin tvö sem voru annars vegar innan svæðis (EY-064:016) og hins skammt utan þess (EY-064:007) en mögulegt er að einhver ummerki sé enn að finna undir yfirborði. Ástæða þess að staðsetning frumbýlis Hauganes er höfð með í skýrslunni þrátt fyrir að húsið hafi verið utan marka skipulagsins er sú annars vegar að helgunarsvæði minja er 15 m út frá ystu mörkum hans og hins vegar sú staðreynd að jafnvel þótt öll yfirborðsummerki minjastaðar séu horfin geta mannvistarleifar leynst undir sverði.

Á svæðinu sjást hins vegar greinilegar en grónar mógrafir (EY-064:021). Nærri þeim var einnig skráður skurður sem líklega er handgrafinn og líklegast flokkast til fornleifa þótt ólíklegt sé að hann sé mikið eldri en aldargamall og gildir það raunar um allar minjarnar sem skráðar voru, þ.e. þær eru án efa frá lokum 19. aldar eða fyrri hluta 20. aldar.

6.1 Viðvarandi hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru. Í takt við fyrirmæli Minjastofnunar Íslands var á vettvangi bæði metin sú hætta sem að minjum stafaði vegna framkvæmda (tímabundin hætta) og sú hætta sem að minjunum stafaði almennt, ef ekki kæmi til framkvæmda. Almenn hætta var talin steðja að minjastöðunum vegna ábúðar þar sem þeir eru allir nærri þéttbýlinu í Hauganesi eða íbúðarhúsinu á Ási, en almennt eru minjar í næsta nágrenni við íbúðahús/íbúðabyggð gjarnan talin í einhverri hættu vegna hennar.

6.2 Tímabundið hættumat og áhrif framkvæmda á fornleifar

Við hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gengið út frá því að minjastaðir innan marka deiliskipulags væru í mikilli hættu vegna framkvæmda en sá minjastaður sem er utan þeirra (EY-064:007) væri aðeins í almenntri hættu vegna þeirra. Við gerð

hættumats er metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki sé gripið til sérstakra ráðstafana. Oft er hættan hvorki talin óhjákvæmileg né óyfirstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna umræddum minjastað. Af minjastöðunum þremur sem eru innan svæðis er ráðgert að leggja göngustíg yfir svæðið þar sem Ytri-Ás bærinn var en vandalítið ætti að vera að leggja stíginn norðan svæðisins til að hlífa því. Að öðrum kosti má gera ráð fyrir því að minjayfirvöld kunni að fara fram á vöktun eða rannsóknir á þessu svæði í tengslum við framkvæmdir. Hugsanlegt er að nýbyggingar Fjörubaðanna komi til með að raska mógröfunum á svæðinu (EY-064:021) að einhverju leyti og að tjaldstæði norðar á svæðinu gæti á einhverjum tímapunkti raskað skurði en í báðum tilfellum verður að telja ólíklegt að Minjastofnun Íslands fari fram á aðrar mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna aðrar en sú skráning og uppmæling sem gerð var að í tengslum við deiliskipulagið og lítur ljós í þessari skýrslu.

Að lokum má minna á að í þeim tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

7. Heimildir

BE I: *Byggðir Eyjafjarðar (fyrri bindi)*. Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson, & Sveinn Elías Jónsson. 1973. *Byggðir Eyjafjarðar*. Akureyri, Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990, fyrri bindi*. Guðmundur Páll Steindórsson, Jóhannes Sigvaldason, Kristján Sigfússon, & Óskar Þór Halldórsson. 1993. *Akureyri, Búnaðarsamband Eyjafjarðar*.

DI: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum*. Fjölrit númer: FS256-99095. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Hákon Jensson. 2022. *Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags*. Akureyri, Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Rannsóknarskýrslur 2022/12.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. 1847. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, X. 1943. Eyjafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn.

Ö-Ey: *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*. 1978. Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman. *Örnefni í Eyjafjarðarsýslu*. Akureyri.

Óprentaðar heimildir:

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild XIV. Uppdrættir af túnum 1917. Selá.

Fasteignamat 1916-1918, Ytri-Ás. Á meðal skjala Fjármálaráðuneytis, 1935-007 AA/10.

Náttúrufræðistofnun Íslands

Loftmynd af Hauganesi og nágrenni tekin 8.9.1964, LMI-Kort-A27, mynd nr. A-7092

Heimildamenn

Elvar Reykjalín f. 1954 og Hafsteinn Reykjalín f. 1940

Viðauki 1 : Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir minjastaði innan deiliskipulagssvæðisins auk nærliggjandi minja.



Viðauki 2: Mannvist sem ekki telst til fornleifa

Á svæðinu var gengið fram á mannvist á nokkrum stöðum sem reyndust ekki fornleifar. Umrædd ummerki eru hér sýnd á loftmynd til að taka af allan vafa um staðsetningu þeirra.



Staðsetning mannvistarleifa sem ekki töldust til fornleifa. Loftmynd: Loftmyndir ehf

- Ofarlega (vestarlega á svæðinu) er greinilegur niðurgröfur sem er gróinn en var ekki talinn líkleg fornleif og taldi Hafsteinn Reykjálín heimildamaður líklegast að tengust yngri vegagerð á þessum slóðum.
- Ofarlega á svæðinu má sjá rákir eða skurði á loftmynd frá 1964 en líklega tengjast þær ræktun túna á þessum slóðum á seinni hluta 20. aldar og voru því ekki skráð sérstaklega. Ummerkin eru nú horfin í tún.

- c) og d) Nærri sjóböðunum, norðaustarlega á svæðinu eru á 2-3 stöðum torfhleðslur sem hafa verið gerðar umhverfis kálgarða og á einum stað við rababarabeð. Samkvæmt upplýsingum frá heimildamönnum voru þessar hleðslur gerðar um eða eftir miðja 20. öld og teljast ekki til fornleifa.